

Alþingi
Ertindi nr. P 136/575
komudagur 16. 12. 2008

Reykjavík, 16. desember 2008

Alþingi
b.t. Efnahags- og skattanefndar Alþingis.
Alþingishúsinu við Austurvöll.

Efni: Athugasemdir við frumvarp fjármálaráðherra um breytingu á lögum um kjararáð á 136. löggjafarþingi.

1.

Með lögnum 47/2006, um kjararáð, var mörkuð sú stefna að fækka verulega þeim sem skyldi ákvörðuð laun og starfskjör samkvæmt úrskurði og að meginreglan yrði sú að kjararáð skyldi ákvarða þeim laun og starfskjör sem þannig væri háttað um að þau gætu ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna „eðlis starfanna og samningsstöðu“. Með úrskurði kjararáðs 7. júní 2007 ákvað ráðið að laun skrifstofustjóra skyldu ákveðin með samningum. Með lögum nr. 168/2007, sem birt voru í Stjórnartíðindum 28. desember 2007, var úrskurði kjararáðs kippt úr sambandi og ráðinu falið að úrskurða á ný um laun skrifstofustjóra. Telja verður þessa aðgerð vafasama í ljósi 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar þar sem fjallað er um rétt manna til þess að semja sjálfir um kjör sín. Frá setningu laga nr. 168/2007 og í raun nokkuð fyrr hefur ekki enn verið fjallað um starfskjör skrifstofustjóra þrátt fyrir almennar launahækkningar. Í úrskurði ráðsins frá 27. ágúst sl. voru skrifstofustjórar beinlínis undanskildir almennum hækkunum til þeirra sem undir kjararáð fjalla.

Nú er komið fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð þar sem lagt er til að við lögin bætist nýtt ákvæði svohljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði 8. og 10. gr. skal kjararáð fyrir árslok 2008 kveða upp nýjan úrskurð er feli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gildi frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skal ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurð þennan til hækkunar. Jafnframt skal kjararáð svo fljótt sem auðið er endurskoða kjör annarra er undir það heyra, til samræmis ...“

Að mati skrifstofustjóra verður erfitt að una við þá ráðagerð, sem fram kemur í frumvarpinu, að lækka laun þeirra til samræmis við lækkun launa ráðherra og alþingismanna.

2.

Að því er varðar laun og starfskjör skrifstofustjóra almennt verður að horfa til laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands. Samkvæmt 7. gr. þeirra laga kveður ráðherra á um skiptingu ráðuneytis í skrifstofur og starfsdeildir eftir verkefnum. Samkvæmt 10. gr. stýra ráðuneytisstjórar ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra og samkvæmt 11. gr. stýrir skrifstofustjóri skrifstofu ráðuneytis undir umsjón ráðuneytisstjóra. Skrifstofustjórar teljast því til daglegra stjórnenda í Stjórnarráðinu undir umsjón ráðuneytisstjóra. Þessi staða skrifstofustjóra lýsir sér m.a. í því að þeir eru til staðar þegar á þarf að halda og verða að hlýða kalli yfirboðara sinna þegar svo ber undir. Á þeim hvíla ríkar hollustu- og trúnaðarskyldur, ríkari en almennt gerist í Stjórnarráðinu og á sér ekki hliðstæðu á almennum vinnumarkaði. Skrifstofustjórar ráða því lítt sínum vinnutíma og möguleikar til orlofstöku og eðlilegs fjölskyldulífs eru oft veruleg takmörk sett.

Þá verður ekki heldur hjá því komist að taka tillit til þess að skrifstofustjórar eru nú almennt skipaðir tímabundið til fimm ára í senn. Þeir skrifstofustjórar sem þannig eru skipaðir búa því við lakara starfsöryggi en ríkisstarfsmenn sem ráðnir eru ótímabundið. Auk þessa hafa skrifstofustjórar líkt og aðrir starfsmenn í Stjórnarráðinu ekki rétt til þess að semja um kjör sín eða geta haft áhrif á þau. Gagnstætt því sem á við um aðra starfsmenn Stjórnarráðsins.

3.

Vegna framkomins lagafrumvarps sem gerir m.a. ráð fyrir að skerða kjör skrifstofustjóra vilja skrifstofustjórar í menntamálaráðuneytinu koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri við efnahags- og skattanefnd Alþingis:

1. Samningsréttur skrifstofustjóra var af þeim tekinn með lögum nr. 168/2007. Frá setningu laganna hafa skrifstofustjórar setið eftir og laun þeirra hafa ekki fylgt almennum launabreytingum hvað þá að tekið hafi verið tillit til launa þeirra samanborið við launaþróun sambærilegra viðmiðunarhópa. Laun skrifstofustjóra standa því, nú þegar, ekki mál þegar þau eru borin saman við laun millistjórnenda á vinnumarkaði.
2. Af þeirri umræðu sem átt hefur sér stað verður ekki annað ráðið en að aðgerðir fyrirtækja á almennum vinnumarkaði og vísað hefur verið til, til marks um lækkun launa, miði að því að minnka starfshlutfall starfsmanna, minnka yfirvinnu eða draga með öðrum hætti úr vinnuframlagi starfsmanna á móti skerðingu launa. Komi til skerðingar á kjörum skrifstofustjóra er því mikilvægt að það komi skýrt fram hvort gert verður ráð fyrir að þeir dragi úr vinnuframlagi í samræmi við skert kjör.
3. Við þær aðstæður sem nú er í þjóðfélaginu, hafa skrifstofustjórar ekki farið varhluta af auknu álagi sem fylgt hefur þeim hamföllum sem riðið hafa yfir íslenskt efnahagslíf s.s. við endurskoðun fjárlaga og allra áætlana sem legið hafa fyrir. Skrifstofustjórar hafa ásamt öðrum stjórnendum og starfsmönnum lagt á sig gríðarlega vinnu og sýnt af sér ósérhlífni við að vinna málum brautargengi oft við mismiklar vinsældir eða skilning. Er ljóst að á næstu misserum mun reyna gríðarlega á störf skrifstofustjóra við að fylgja eftir í framkvæmd þeim ákvörðunum sem verið er að taka þessa dagana.
4. Þá er það þekkt í Stjórnarráðinu að sérfræðingar séu ráðnir á sambærileg eða jafnvel hærri laun en skrifstofustjórar. Það er ljóst að laun slíkra sérfræðinga verða ekki lækkuð með sama hætti og skrifstofustjóra og í raun vandséð hvernig það verði gert.
5. Ef Alþingi ákveður að laun ráðherra og alþingismanna skuli lækkuð er ekki rétt, með tilliti til þess hvernig haldið hefur verið á málefnum skrifstofustjóra, að ætlast til þess að launakjör þeirra verði lækkuð til samræmis.

Í ljósi ofangreinds vilja skrifstofustjórar í menntamálaráðuneytinu koma því á framfæri að þeir eru ósáttir við frumvarpið og mótmæla því að skerða eigi laun þeirra með þeim hætti sem þar er lagt til.

Virðingarfyllst

Skrifstofustjórar í menntamálaráðuneytinu.

Þórhildur Villyjónsdóttir
Krisdín Jónsdóttir
Sigríður Þorvaldsson
Katrín Gunnarsdóttir
Amor Einarsson
Sigrún Þorvaldsson
Hellen M. Gunnarsdóttir
fh.: Einar Jónsson - P.V.

Ljósrit:
Kjararáð
Fjármálaráðherra.